

Nr. 034 / 11 Sæfari**Skipverji slasast við landfestar**

Skipaskr.nr. 2691 IMO 9041277
Smíðaður: Bromborough Englandi 1991, stál
Stærð: 507,4 brl. 507,4 bt.
Mesta lengd: 39,6 m Skráð lengd: 37,68 m
Breidd: 10 m Dýpt: 3,7 m
Vél: Caterpillar 2040 kW, 1992
Fjöldi skipverja: 4



Sæfari©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. febrúar 2011 var ferjan Sæfari í höfn á Dalvík. Veður: Logn.

Skipverjar voru að snúa skipinu við bryggjuna og einn þeirra var á bryggjunni til að taka við landfestartógi. Þegar skipverjinn var að setja springinn á bryggjupolla tók í hann með þeim afleiðingum að hann klemmdist þar á milli og var hann fluttur á heilsugæslu. Við þetta hlaut hann mikla áverka á handarbaki vinstri handar og varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að endinn var fastur á polla og spili um borð en ekki verið að hífa í hann. Skipið var á lítilli ferð áfram og við það strekktist á tóginu;
- að stýrimaður var fram á skipinu og skipstjóri í brú. Hvorugur þeirra fylgdust með hvort endinn væri tilbúinn til að keyra í hann;
- að við landfestar voru alltaf tveir skipverjar fram á en í þetta sinn var annar þeirra hafður í landi til að sleppa og taka við endum eftir að skipinu hafði verið snúið;
- að slasaði gat ekki gert sér fulla grein fyrir hvernig atvikið átti sér stað.

Nefndarálit:

Orsök atviksins eru óvönduð vinnubrögð við landfestar og ekki fyllsta öryggis gætt.